


*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/1547*  
*komudagur 25.2.2008*



**RATSJÁRSTOFNUN**

Sími: 425-5300  
Fax: 425-5311

22.2.2008

GE/ge

Mál: 331

Tilvísun: Beiðni dags.: 7. feb.2008

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Keflavík, 22. febrúar 2008.

### **Umsögn Ratsjástofnunar um frumvarp til varnarmálalaga, 331. mál, heildarlög.**

#### **Almennt álit.**

Tilgangur frumvarpsins er að setja lög sem gilda eiga um stjórnslu varnarmála á íslensku yfirráðasvæði sem og samstarf og samskipti íslenskra stjórnvalda við erlend ríki, hermálafyrirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála.

Að álit Ratsjástofnunar eru verkefni Varnarmálastofnunar skýrt skilgreind og ná að öllu leyti utan um verksvið Ratsjástofnunar. Auk þess sem skilgreind eru aukin og breytt verkefni samfara samþættingu íslenska loftvarnakerfisins að loftvarnakerfi Atlantshafsbandalagsins, þátttöku í varnaræfingum, varnarsamstarfi sem og verkefni samfara skuldbindingum notendafíkis.

Ratsjástofnun vill leggja ríka áherslu á mikilvægi ákvæðis til bráðabirgða um að heimilt verði að bjóða þeim starfsmönnum Ratsjástofnunar sem eru á launaskrá hjá stofnuninni við gildistöku ákvæðis, starf hjá Varnarmálastofnun. Ratsjástofnun hefur sinnt rekstri íslenska loftvarnakerfisins undir samningi við Bandaríkjamenn síðan 1987 og ljóst er að sérþekking, reynsla og þjálfun starfsmanna Ratsjástofnunar er afar mikilvæg fyrir framtíðarrekstur íslenska loftvarnakerfisins. Þekking þessi er ekki til staðar á hinum almenna markaði nema að mjög takmörkuðu leiti og mun reynast bæði kostnaðarsamt og tímafrekt að byggja hana upp aftur. Að álit Ratsjástofnunar er ákvæði þetta forsenda snurðulausrar yfirtöku ríkisins á verkefnum Ratsjástofnunar. Reynsla og þekking núverandi starfsmanna Ratsjástofnunar gerir auk þess Varnarmálastofnun kleyft að sinna verkefnum sínum með lágmarksmannskap.

Áætlaður heildarkostnaður Varnarmálastofnunar er í kringum 1.350 m.kr. Fyrirliggjandi rekstraráætlun Varnarmálastofnunar byggir að hluta til á reynslutölum Ratsjástofnunar sem og kostnaðartölum í frumvarpi til fjárlaga 2008 til varnarmála. Rekstrarkostnaður Ratsjástofnunar árið 2006 var í kringum 1.200 m.kr. Því er augljóst að umtalsverð hagræðing hefur átt sér stað.

Það er álit Ratsjástofnunar, eftir því sem stofnuninni er best kunnugt, að frumvarpið taki með skýrum hætti á öllum nauðsynlegum þáttum miðað við breyttar forsendur varnamála sem og tilgang frumvarps og gerir stofnunin því ekki athugasemdir við frumvarp til varnarmálalaga að svo stöddu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Ratsjástofnunar

Guðrún Erlingsdóttir  
Starfandi forstjóri